

Miðvikudaginn 20. maí 1970.

Nr. 10/1970. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Brynjólfi Sveinssyni og  
Gunnari Þór Sigvaldasyni**

(Jóhannes L. L. Helgason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Dreifing mjólkur. Birting sérleyfa. Sératkvæði.

### Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Guðjónsson, bæjarfógeti í Ólafsfirði, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna, og ákærðu hafa gefið frekari skýrslur fyrir dómi.

Í máli þessu eru ákærðu sakaðir um „að hafa öðru hverju síðan sumarið 1967, s. s. eftir því hvenær samgöngur frá Akureyri féllu, látið selja mjólk á vegum verzlunarinnar Valbergs h/f í Ólafsfirði úr kæligeymslu í kjallara hússins eða heimsenda til viðskiptavina, sem á vegum verzlunarinnar hafði verið flutt frá Akureyri til Ólafsfjarðar í söluskyni, þrátt fyrir ákvörðun framleiðsluráðs landbúnaðarins 7. desember 1961 um, að Ólafsfjörður sé, þar til öðru vísi verður ákveðið, „sérstakt mjólkursölusvæði með þeim réttindum og skyldum, sem því tilheyra samkvæmt gildandi lögum þar um“. Er þetta framferði talið varða við 1. mgr. 28. gr., sbr. 27. gr., sbr. 22. gr., sbr. 1. mgr. 48. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 59/1960.

Með lögum nr. 55/1966 voru gerðar nokkrar breytingar á lögum nr. 59/1960, þó ekki þeim ákvæðum, sem hér skipta máli. Samkvæmt heimild í 33. gr. laga nr. 55/1966 voru ákvæði þeirra laga felld inn í meginmál laga nr. 59/1960 og lögín síðan gefin út af nýju sem lög nr. 101/1966. Kveður

saksóknari ríkisins, að brot ákærðu varði því við 1. mgr. 27. gr., sbr. 26. gr., sbr. 22. gr., sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 101/1966, en ákvæði þessi eru nákvæmlega samhljóða þeim ákvæðum, sem í ákæru greinir. Samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961 þykja skilyrði vera fyrir hendi að beita ákvæðum laga nr. 101/1966.

Á fundi framleiðsluráðs landbúnaðarins 7. desember 1961 var tekin fyrir beiðni Kaupfélags Ólafsfjarðar frá 13. september 1961 um, að kaupfélaginu yrði úthlutað lögsagnarumdæmi Ólafsfjarðarkaupstaðar sem sölusvæði fyrir mjólkurbú sitt. Samþykkti framleiðsluráð að verða við þessari ósk. Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnti Kaupfélagi Ólafsfjarðar þessa ákvörðun með bréfi 11. desember 1961. Ekki var frekar auglýst um þessa ákvörðun, enda kveður framleiðsluráð landbúnaðarins slíkt aldrei hafa verið gert, þegar sölusvæði hafa verið ákveðin.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 64/1943 um birtingu laga og stjórnvaldaerinda skal birta í Lögbirtingablaði auglýsingar um „sérleyfi, er stjórnvöld veita“. Framangreinda ákvörðun, sem veitti Mjólkurbúi Kaupfélags Ólafsfjarðar einkaleyfi til sölu mjólkur innan lögsagnarumdæmis Ólafsfjarðarkaupstaðar, bar því að birta í Lögbirtingablaði. Þar sem ákvörðun þessi varðaði ótiltekinn fjölda manna og skyldi samkvæmt efni sínu gilda um langan ótiltekinn tíma, og brot gegn henni gat varðað refsingu, sbr. 1. mgr. 27. gr., sbr. 26. gr., sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 101/1966, þykir samkvæmt grunnreglum 7. gr. laga nr. 64/1943 eigi mega beita refsingu fyrir brot gegn ákvörðun þessari, fyrr en lögmælt birting hefur fram farið. Að svo vöxnu máli verður að dæma ákærðu sýknu af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði, kr. 5.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

## Dómsorð:

Ákærðu, Brynjólfur Sveinsson og Gunnar Þór Sigvaldason, eiga að vera sýknir af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Kostnaður af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærðu í héraði, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00.

## S é r a t k v æ ð i

## Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Lög nr. 59/1960 voru leyst af hólmi með lögum nr. 101/1966 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Dæma má mál þetta samkvæmt lögum nr. 101/1966, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 82/1961.

Framleiðsluráð hefur samkvæmt 22. gr. laga nr. 101/1966 skipað landinu niður í mjólkursölusvæði. Eru takmörk mjólkursölusvæða á vitorði allra þeirra, sem málið skiptir nokkru. Ákærðu fluttu mjólk af hinu alkunna mjólkursölusvæði Akureyrar og Eyjafjarðarsýslu til sölu á mjólkursölusvæði Ólafsfjarðar, sem notið hafði réttinda slíks svæðis að boði framleiðsluráðs allt frá því á árinu 1961. Var skipan mjólkursölusvæðis Ólafsfjarðar lýðum ljós norður þar. Þetta varðar ákærðu við niðurlagsákvæði 22. gr. laga nr. 101/1966, sbr. 22. gr. laga nr. 19/1940, en með nefndu ákvæði laga nr. 101/1966 er bannað að flytja mjólk, rjóma og nýtt skyr, framleitt á einu mjólkursölusvæði, yfir á annað mjólkursölusvæði til sölu, nema leyfi framleiðsluráðs komi til. Atferli ákærðu varðar og við 26. gr. laga nr. 101/1966, þar sem mælt er, að sé einungis eitt mjólkurbú starfandi á mjólkursölusvæði, skuli stjórn þess annast alla sölu og dreifingu mjólkur, rjóma og nýs skyrs í kaupstöðum eða kaupúnum

innan mjólkursölusvæðisins. Slíkt mjólkurbú þarfnast eigi löggildingar af hendi framleiðsluráðs.

Refsing hvors hinna ákærðu er samkvæmt 46. gr. laga nr. 101/1966 hæfilega ákveðin 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og skal 7 daga varðhald koma í stað sektar hvors, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, laun verjanda ákærðu í héraði, kr. 5.000.00, og laun verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Brynjólfur Sveinsson og Gunnar Þór Sigvaldason, greiði hvor um sig 5.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga varðhald í stað sektar hvors þeirra, ef hún verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, laun verjanda síns í héraði, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhannesar L. L. Helgasonar héraðsdómslögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Ólafsfjarðar 6. desember 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 13. nóvember s.l., er höfðað með ákæruskjali, dags. 7. janúar s.l., gegn Brynjólfi Sveinssyni póstmeistara, Strandgötu 2, fæddum 28. október 1914, og Gunnari Þór Sigvaldasyni framkvæmdastjóra, Hornbrekkuvegi 16, fæddum 15. október 1938, báðum fæddum og til heimilis í Ólafsfirði, ákærða Brynjólfi sem stjórnarformanni, en ákærða Gunnari Þór sem framkvæmdastjóra verzlunarinnar Valbergs h/f í Ólafsfirði fyrir að hafa öðru hverju síðan sumarið 1967, s. s. eftir því hvernig samgöngur frá Akureyri féllu, látið selja mjólk á vegum verzlunarinnar Valbergs h/f í Ólafsfirði úr kæligeymslu í kjallara verzlunarhússins eða heimsenda til viðskiptavina, sem á vegum verzlunarinnar hafði verið flutt frá Akureyri til Ólafsfjarðar í

söluskyni, þrátt fyrir ákvörðun framleiðsluráðs landbúnaðarins 7. desember 1961 um, að Ólafsfjörður sé, þar til öðruvísi verði ákveðið, „sérstakt mjólkursölusvæði með þeim réttindum og skyldum, sem því tilheyrta samkvæmt gildandi lögum þar um“, en ákvörðun þessi var með bréfi framleiðsluráðs, dagsettu 11. s. m., tilkynnt hlutaðeigandi, og af gefnu tilefni, eftir að áðurgreind mjólkursala hófst, var ákvörðun framleiðsluráðs ítrekuð með bréfi þess, dagsettu 23. febrúar 1968, til Mjólkursamlags K. E. A., Akureyri, Mjólkursamlagsins í Ólafsfirði og verzlunarinnar Valbergs h/f í Ólafsfirði. Telst brot ákærðu varða við 1. mgr. 28. gr., sbr. 27. gr., sbr. 22. gr., sbr. 1. mgr. 48. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 59/1960. Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 16. apríl 1968, kærði stjórn Mjólkursamlags Ólafsfjarðar yfir því, að verzlunin Valberg hér í bæ hefði þrátt fyrir aðvörun framleiðsluráðs landbúnaðarins hafið flutninga á mjólk frá Akureyri til Ólafsfjarðar. Kærinni fylgdi afrit af bréfi framleiðsluráðs til Kaupfélags Ólafsfjarðar, dags. 23. febrúar 1968, þar sem segir, að þá um nokkurt skeið hafi mjólk verið flutt til Ólafsfjarðar frá Akureyri og að verzlun ein í Ólafsfirði hafi haft mjólk þessa til sölu og jafnvel lagt sjálf ofan á söluverðið ákveðna upphæð fyrir flutningskostnaði, en þetta sé hvort tveggja ólöglegt. Er meðal annars tekið fram í bréfinu, að hinn 7. desember 1931 hafi framleiðsluráðið ákveðið, að Ólafsfjörður skuli vera sérstakt sölusvæði. Bréfinu lýkur með þessum orðum: „Eru framangreindir flutningar á mjólk til Ólafsfjarðar því algert lagabrot, og þeim aðilum, sem hér um ræðir, bent á að kippa þessu í það form, sem gildandi lög gera ráð fyrir, svo ekki þurfi að koma til frekari málareksturs.“

Bréf þetta er sent Mjólkursamlagi K. E. A., Akureyri, Mjólkursamlaginu í Ólafsfirði og verzluninni Valberg, Ólafsfirði“.

Formaður stjórnar Mjólkursamlags Kaupfélags Ólafsfjarðar, Nývarð Jónsson, kom fyrir dóm hinn 9. maí 1968. Hann taldi, að á árinu 1967 hefði fyrst farið að bera á því, að aðflutt mjólk væri seld í sölubúð Valbergs h/f. Hafi mjólkinn aðallega verið flutt með bifreiðum og hafi þetta haft töluverð áhrif á mjólkursölu Mjólkursamlags Kaupfélags Ólafsfjarðar, þannig að salan hafi lækkað allmikið, er bílfært var til Akureyrar, en hækkað þá tíma, sem ófært var.

Kaupfélagsstjóri Kaupfélags Ólafsfjarðar, Ármann Þórðarson,

kom fyrir dóm hinn 10. maí 1968. Taldi hann einnig, að mjólkursala Valbergs h/f hefði haft veruleg áhrif til lækkunar á mjólkursölu Mjólkursamlags Ólafsfjarðar. Hann kvað framkvæmdastjórn og reikningshald mjólkursamlagsins vera í höndum kaupfélagsins og hefði svo verið frá upphafi. Þá upplýsti hann, að verzlunin Valberg hefði með bréfi, dags. 12. október 1961, óskað eftir að fá mjólk frá mjólkursamlaginu til endursölu, en þeirri beiðni hafi verið hafnað með bréfi, dags. 5. nóvember 1961. Hinn 26. október 1966 hafi Valberg h/f ítrekað þessa ósk bréflega og hafi þeirri málaleitun verið hafnað með bréfi, dags. 10. nóvember sama ár. Þá upplýsti hann, að haustið 1967 hefði fyrir tilstilli stjórnar Mjólkursamlags K. Ó. verið haldinn fundur með stjórn Valbergs h/f og stjórnarformönnum mjólkursamlagsins og kaupfélagsins ásamt honum og starfsmanni mjólkursamlagsins, Valgeiri Ásbjörnssyni. Á þessum fundi hafði beiðni Valbergs h/f verið rædd og kjör þau, er Valberg h/f bauð síðan, verið lögð fyrir félagsfund mjólkursamlagsins hinn 12. desember s. á. Hafi boði Valbergs h/f verið hafnað með yfirgnæfandi meiri hluta atkvæða fundarmanna.

Hann kvað Valberg h/f hafa hafið sölu á Akureyrarmjólk þá um vorið, strax og bílfært varð, og hafi mjólkursala Mjólkursamlags K. Ó. minnkað verulega við það.

Þá kvaðst kaupfélagsstjórinn telja, að þessi sala á Akureyrarmjólk til Ólafsfjarðar væri með vitund Mjólkursamlags K. E. A. á Akureyri, og kvaðst vita til, að bifreið Mjólkursamlags K. E. A. hefði flutt mjólk um borð í bát til Ólafsfjarðar. Fyrir dómi á Akureyri hinn 30. maí 1968 hefur forstjóri Mjólkursamlags K. E. A. synjað þverlega fyrir þetta. Hins vegar kom í ljós, að stórkaupmaður einn á Akureyri hafði stundum keypt töluvert af mjólk í Mjólkursamlagi K. E. A., sem hann síðan afhenti Valbergi h/f.

Framkvæmdastjóri Valbergs h/f, Gunnar Sigvaldason, ákærði í máli þessu, kom fyrir dóm hinn 16. maí 1968. Hann skýrði svo frá, að Valberg h/f hefði hafið flutning á Akureyrarmjólk til Ólafsfjarðar einhvern tíma á sumrinu 1967. Þessi mjólk sé eingöngu í 10 lítra kössum. Hún sé ekki höfðu uppi í búð, heldur afgreidd úr kæligeymslu í kjallara verzlunarhússins og gjarnan send heim til viðskiptavina, sem oftast séu sama fólkið. Mjólk þessi sé eingöngu keypt í smásölu gegn staðgreiðslu, ýmist í búðum á Akureyri eða í mjólkursamlagi K. E. A. Mjólkinn sé yfirleitt flutt til Ólafsfjarðar á bifreiðum, en komið hafi fyrir, að hún

væri flutt með bát. Hann taldi sig ekki geta sagt fyrir víst, hve miklu sala þessi næmi, en taldi, að kaupendur væru um eða yfir. 20. Verð mjólkurinnar kvað hann hið sama og á Akureyri, enda greiddi Valberg h/f allan kostnað við útvegum hennar og flutning. Fyrir dómi hinn 18. júlí s.l. skýrði hann enn fremur frá því, að áður en Kaupfélag Ólafsfjarðar hætti að hafa á boðstólum flöskumjólk, og jafnvel eftir það, hafi fólk spurt talsvert eftir því, hvort Valberg h/f gæti ekki útvegað kassamjólk frá Akureyri. Hafi það orðið til þess, að fyrirtækið hafi útvegað nokkra kassa að beiðni einstakra manna, en síðar hafi mjólk verið fengin, eftir því sem talið var að þyrfti, án þess að taka við sérstökum pöntunum. Þá skýrði hann einnig frá því, að viðskiptavinir væru ekki skuldbundnir til að kaupa mjólkina, og kæmi það fyrir, að hún gengi ekki upp, væri afgangurinn geymdur og næsta pöntun höfð minni. Það kæmi fyrir, að mjólk væri látin til annarra en fastra viðskiptavina, en það væri mjög sjaldan.

Þá skýrði framkvæmdastjórinn frá því, að Jóhannesi Jóhannesyni, bónda í Kálfsárkoti hér í kaupstaðnum, hefði verið afhent bréf Valbergs h/f, dags. 15. janúar 1968, í því skyni, að hann kynnti stjórn og meðlimum mjólkursamlagsins innihald þess. Í bréfi þessu er farið fram á frekari viðræður og enn fremur boðið að sækja mjólkina til samlagsins, ef samkomulag yrði, samlaginu að kostnaðarlausu, enda yrði hún afhent á bíl. Þá er og í bréfi þessu boðin fram fyrirgreiðsla varðandi væntanleg kaup á fitusprengingartækjum. Ekki var framkvæmdastjóranum kunnugt um, hvort eða á hvern hátt Jóhannes hefði komið bréfi þessu á framfæri.

Stjórnarformaður Valbergs h/f, Brynjólfur Sveinsson, ákærði í máli þessu, kom fyrir dóm hinn 17. maí 1968. Hann kvað mjólkursölu Valbergs h/f gerða með vitund og samþykki stjórnar félagsins, en formleg samþykkt hafi ekki verið gerð um hana á stjórnarfundi. Hann lagði fram afrit af fyrrgreindu bréfi Valbergs h/f, dags. 15. janúar 1968, og kvað Jóhannes Jóhannesson hafa lesið það upp á fundi í mjólkursamlaginu. Er Ármann Þórðarson kaupfélagsstjóri kom fyrir dóm hinn 10. maí 1968, eins og áður hefur verið lýst, óskaði hann að taka fram vegna blaðaskrifa, þar sem bréfs þessa var getið, meðal annars, að sér eða stjórn mjólkursamlagsins hafi aldrei borizt þetta bréf.

Aðrir stjórnarmenn Valbergs h/f, þeir Sigvaldi Páll Þorleifsson og Sigurður Guðmundsson, komu einnig fyrir dóm hinn 17.

maí 1968 og sögðu hið sama og stjórnarformaðurinn um mjólkursölu Valbergs h/f.

Með bréfi, dags. 14. júní 1968, sendi saksóknari ríkisins mál þetta til framleiðsluráðs landbúnaðarins og óskaði eftir rökstuddri umsögn ráðsins og tillögum um frekari meðferð málsins. Svar framleiðsluráðs, dags. 11. júlí 1968, þótti ekki fullnægjandi, og var ráðinu sent málið á ný hinn 12. júlí 1968 og þess óskað með skírskotun til 22. gr., sbr. 27. gr. laga um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. nr. 59/1960, þar sem segir, „framleiðsluráð ákveði skipun mjólkursölusvæða“, að upplýst verði, hvaða ákvarðanir framleiðsluráð hafi tekið í þeim efnum, að því er varðar Eyjafjarðarsýslu og Ólafsfjörð, og hvernig, hvenær og hverjum þær ákvarðanir hafi verið tilkynntar.

Þessu svarar framleiðsluráð þannig með bréfi, dags. 15. júlí 1968:

„1. Þann 7. desember 1961 er eftirfarandi bókað í fundargerðabók ráðsins:

„4. Lagt fram erindi, dags. 13. sept. s.l., frá Kf. Ólafsfjarðar, þar sem þess er farið á leit við framleiðsluráð, að kaupfélaginu verði úthlutað sölusvæði fyrir mjólkurbú sitt á staðnum. Í bréfinu er talið, að nægileg mjólkurframleiðsla sé í umhverfinu, þ. e. lögsagnarumdæminu, og það er einmitt það svæði, sem óskað er eftir að fá sem sölusvæði. Samþykkt með öllum atkvæðum að verða við þessum tilmælum“.

Síðan er lýst undirskriftum undir fundargerðinni og það tekið fram, að einn þeirra, sem undirriti hana, sé Jónas Kristjánsson, þáverandi forstjóri mjólkursamlaga K. E. A. Í öðru lagi er skýrt frá því, að Kaupfélagi Ólafsfjarðar hafi verið tilkynnt þessi ákvörðun með bréfi, dags. 11. desember 1961. Loks er skýrt frá því, að með bréfi, dags. 23. febrúar 1968, hafi hlutaðeigendum, þ. e. Mjólkursamlagi K. E. A., verzluninni Valberg h/f og Kaupfélagi Ólafsfjarðar, verið tilkynnt um þessa samþykkt framleiðsluráðs.

Að þessu fengnu var hinn 29. júlí 1968 fallt á það af ákærvaldsins hálfu, að máli þessu yrði lokið með dómssátt, ef ákærðu féllust á að greiða hæfilegar sektir auk sakarkostnaðar. Fyrir dómi hinn 16. nóvember 1968 neituðu ákærðu að ljúka máli þessu með sátt, að fenginni umsögn Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns um málið.

Verjandi ákærðu hefur krafist algerrar sýknu þeim til handa,

fyrst og fremst sökum þess að með ákvörðun framleiðsluráðs hinn 7. desember 1961 hafi Mjólkursamlagi Kaupfélags Ólafsfjarðar verið veitt einkaleyfi til mjólkursölu í Ólafsfirði, en til þess að slík ákvörðun nái gildi gagnvart þriðja manni, þurfi hún að birtast í Lögbirtingablaði samkvæmt 3. gr. laga nr. 64/1943, en það hafi ekki gerzt.

Á þetta verður ekki fallizt. Til þess verður að ætlast af þeim, sem atvinnurekstur stunda, að þeir kynni sér, hvort tilteknar athafnir í þeim rekstri fari í bága við lög eða ekki. Í 28. gr. laga nr. 59/1960 segir svo: „Nú er starfandi viðurkennd samsala eða mjólkurbú, og er þá öðrum óheimilt að selja mjólk eða rjóma í þeim kaupstöðum og kauptúnum, sem eru innan sama mjólkursölusvæðis. . . . Það var því full ástæða til þess fyrir forráðamenn Valbergs h/f að kynna sér, hvaða skipun hefði verið gerð á þessum málum hér í Ólafsfirði, áður en þeir hófu mjólkursölu. En jafnvel þótt rétt hefði verið að birta fyrrgreinda ákvörðun framleiðsluráðs í Lögbirtingablaði, getur undanfelling þess í þessu tilviki ekki leitt til sýknu ákærðu. Birting sérleyfis í Lögbirtingablaði er til þess ætluð að rjúfa grandleysi þeirra, sem ganga kunna á rétt viðkomandi leyfishafa. Samkvæmt almennum reglum getur enginn borið fyrir sig grandleysi um atvik, sem honum er sannanlega kunnugt um. Bein tilkynning stjórnvalds til viðkomenda, svo sem gerð var með bréfi framleiðsluráðs til ákærðu hinn 23. febrúar 1968, er ekki síður til þess fallin að rjúfa grandleysi þeirra en auglýsing í Lögbirtingablaði.

Þá heldur verjandinn því fram, að forsendur fyrir leyfisveitingunni til Mjólkursamlags Kaupfélags Ólafsfjarðar hafi á sínum tíma ekki verið fyrir hendi, eða séu a. m. k. brostnar nú, sökum þess að mjólkursamlagið fullnægi ekki mjólkurþörf kaupstaðarins. Hefur hann því til sönnunar hlutazt til um, að aflað var upplýsinga um mjólkurkaup Kaupfélags Ólafsfjarðar frá Mjólkursamlagi K. E. A. árin 1966, 1967 og 1968. Kemur þar í ljós, að Kaupfélag Ólafsfjarðar hefur á þessum árum keypt frá Mjólkursamlagi K. E. A. mjólkurvörur sem hér segir:

	Skyr	Rjómi	Mjólk	Mysa
	kg.	l.	l.	l.
1966 . . . . .	1423	727	1152	
1967 . . . . .	460	380	40	
1968 . . . . .	3270	1201	6830	630
Samtals	5153	2308	8072	630

Af þessum sökum vefengir verjandinn gildi sérleyfisins, en án þess hafi umbjóðandi hans fulla heimild til dreifingar mjólkur í lögsagnarumdæminu.

Samkvæmt 22. gr. laga nr. 59/1960 ákveður framleiðsluráð landbúnaðarins skipun mjólkursölusvæða, og eru í greininni taldar upp þær aðstæður, er að jafnaði skuli tekið tillit til. Er þess hvergi getið, að mjólkurframleiðsla á tilteknu sölusvæði skuli fullnægja markaðspörf þess. Samkvæmt 29. gr. nefndra laga er mjólkurbúum, sem fengið hafa einkaleyfi til að starfrækja mjólkurbúðir, skylt að sjá um, að ætíð sé nóg neytlumjólk til sölu á þeim stöðum, svo sem framast er unnt. Verður að telja fyrrgreind mjólkurkaup Kaupfélags Ólafsfjarðar til þess gerð að fullnægja þessu ákvæði. Verður því ekki talið, að framleiðsluráð hafi með fyrrgreindri samþykkt farið út fyrir valdsvið sitt né heldur að forsendur fyrir henni séu brostnar.

Samkvæmt framansögðu ber að telja sannað, að ákærðu hafi gerzt sekir um verknað þann, er greindur er í ákæruskjalinu, og með því brotið lagaákvæði þau, er þar greinir.

Ákærðu eru báðir fæddir í Ólafsfirði, Brynjólfur Sveinsson hinn 28. október 1914 og Gunnar Þór Sigvaldason hinn 15. október 1938. Hvorugur hefur áður sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Refsing hvors hinna ákærðu þykir hæfilega ákveðin 3.500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektar, verði þær ekki greiddar innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Dæma ber ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar annan fyrir báða og báða fyrir annan, þar með talin málflutningslaun til skipaðs verjanda þeirra, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

#### Dómsorð:

Ákærðu, Brynjólfur Sveinsson og Gunnar Þór Sigvaldason, greiði hvor um sig 3.500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði báðir fyrir annan og annar fyrir báða allan sakarkostnað í máli þessu, þar með talin málflutningslaun til skipaðs verjanda þeirra, Sveins Snorrasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.